

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/74/EB

2005/EES/49/28

frá 23. september 2002

## um breytingu á tilskipun ráðsins 80/987/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota (\*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 137. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 7. lið stofnskrár Bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega, sem var samþykkt 9. desember 1989, er því lýst yfir að tilkoma innri markaðarins verði að leiða til bættra starfsskilyrða og bættra lífskjara launþega í Evrópubandalaginu og að umbæturnar verði, eftir því sem þörf krefur, að taka til þróunar ákvæðin þátta í lögjöf vinnu- og gjaldþrotaskipti.
- 2) Tilgangurinn með tilskipun 80/987/EBE <sup>(4)</sup> er að kveða á um að launþegar njóti lágmarksverndar við gjaldþrot vinnuveitanda. Í þessu skyni ber aðildarríkjunum skylda til að koma á fót sjóði sem tryggir greiðslur á önnheimtum kröfum hlutaðeigandi starfsmanna.
- 3) Aðlaga ber tiltekin ákvæði þeirrar tilskipunar vegna breytinga á gjaldþrotalögum í aðildarríkjunum og þróunar innri markaðarins.
- 4) Einnig er nauðsynlegt að skýra nánar réttaröryggi og gagnsæi með tilliti til gildissviðs tilskipunar 80/987/EBE og tiltekinna skilgreininga hennar. Einkum skal í ákvæðum tilskipunarinnar benda á möguleika aðildarríkjanna á að útiloka vissa flokka og af þeim sökum skulu ákvæði viðaukans við þá tilskipun falla niður.

5) Til að tryggja að viðkomandi launþegar njóti sanngjarnrar verndar skal laga skilgreiningu ríkisins á gjaldþroti að nýrri þróun lögjafar í aðildarríkjunum og skal hún fela í sér gjaldþrotaskipti önnur en félagsslit. Til þess að geta ákvarðað bótaábyrgð tryggingasjóðsins skulu aðildarríkin eiga möguleika á að meðhöndla gjaldþrot, sem leiðir til margra gjaldþrotaskipta, á sama hátt og um eitt gjaldþrotaskiptamál væri að ræða.

6) Tryggja skal að þeir launþegar sem um getur í tilskipun 97/81/EB frá 15. desember 1997 um ramma-samninginn um hlutastörf sem UNICE, CEEP og ETUC stóðu að <sup>(5)</sup>, tilskipun ráðsins 1999/70/EB frá 28. júní 1999 um ramma-samninginn um tímabundna ráðningu sem ETUC, UNICE og CEEP hafa gert <sup>(6)</sup> og tilskipun ráðsins 91/383/EBE frá 25. júní 1991 til viðbótar ráðstöfunum til að bæta öryggi og hollustu-hætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi <sup>(7)</sup> falli undir gildissvið þessarar tilskipunar.

7) Til þess að tryggja réttaröryggi launþega þegar fyrirtæki, sem stunda starfsemi í mörgum aðildarríkjum, verða gjaldþrota og til að efla réttindi starfsmanna í samræmi við dómaframkvæmd dómstólsins er nauðsynlegt að setja ákvæði þar sem kemur skýrt fram hvaða stofnun er bær til að greiða útistandandi kröfur í slíkum tilvikum og þar sem fram kemur að markmiðið með samstarfi milli lögbærra stjórnvalda í aðildarríkjunum sé að gera önnheimtar kröfur launþega vegna vinnulauna upp eins fljótt og kostur er. Enn fremur er nauðsynlegt að kveða á um samstarf milli lögbærra stjórnvalda aðildarríkjanna til að tryggja viðeigandi framkvæmd ákvæða á þessu sviði.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 270, 8.10.2002, bls. 10. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2003 frá 26. september 2003 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 18.12.2003, bls. 28.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 154 E, 29.5.2001, bls. 109.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 221, 7.8.2001, bls. 110.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 29. nóvember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. febrúar 2002 (Stjtið. EB C 119 E, 22.5.2002, bls. 1) (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. maí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 27. júní 2002.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 283, 28.10.1980, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 1994.

8) Aðildarríkin geta sett takmarkanir við ábyrgð tryggingasjóðanna sem skulu samrýmast félagslegum markmiðum tilskipunarinnar og taka tillit til mishárra krafna.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 14, 20.1.1998, bls. 9. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/23/EC (Stjtið. EB L 131, 5.5.1998, bls. 10).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 175, 10.7.1999, bls. 43.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 206, 29.7.1991, bls. 19.

- 9) Til þess að auðveldara sé að skilgreina gjaldþrotaskipti, t.d. þegar þau ná yfir landamæri, skal mæla fyrir um að aðildarríkin tilkynni framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um þær tegundir gjaldþrotaskipta sem gefa tilefni til íhlutunar af hálfu tryggingasjóðsins.
- 10) Breyta ber tilskipun 80/987/EBE til samræmis við þetta.
- 11) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð til fulls markmiðnum með fyrirhuguðum aðgerðum, sem eru þau að breyta tilteknum ákvæðum tilskipunar 80/987/EBE til að taka til greina breytta starfsemi fyrirtækja í Bandalaginu, er auðveldara að ná þeim á vettvangi Bandalagsins og er því heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, sbr. 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.
- 12) Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um framkvæmd og beitingu þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar nýtt ráðningarfyrirkomulag sem verið er að taka upp í aðildarríkjunum.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Tilskipun 80/987/EBE er breytt sem hér segir:

## 1. Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar:

„Tilskipun ráðsins 80/987/EBE frá 20. október 1980 um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota“.

## 2. Í stað I. þáttar komi eftirfarandi:

## „I. ÞÁTTUR

## Gildissvið og skilgreiningar

*I. gr.*

1. Tilskipun þessi gildir um kröfur launþega, í tengslum við ráðningarsamninga eða ráðningarsamband, á hendur vinnuveitendum sem eru gjaldþrota í skilningi 1. mgr. 2. gr.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að undanþiggja kröfur tiltekinna hópa launþega gildissviði þessarar tilskipunar ef til eru annars konar tryggingar sem geta veitt viðkomandi einstaklingum vernd sambærilega þeirri sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

3. Ef slík ákvæði eru nú þegar í innlendum lögum er aðildarríkjunum heimilt að undanþiggja áfram frá gildissviði þessarar tilskipunar eftirfarandi starfshópa:

- a) heimilisþjóna, í þjónustu einstaklings,

- b) sjómenn sem fiska upp á hlut.

*2. gr.*

1. Að því er þessa tilskipun varðar telst vinnuveitandi gjaldþrota þegar gerð hefur verið krafa um að hefja sameiginlega málsmeðferð vegna gjaldþrots vinnuveitanda, eins og kveðið er á um í lögum og stjórnslu-fyrirmælum aðildarríkis, sem hefur í för með sér sölu á eignum vinnuveitandans, að hluta eða í heild, og tilnefningu á skiptastjóra eða aðila, sem gegnir svipuðu starfi, og það yfirvald, sem er lögbært samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum, hefur:

- a) annaðhvort ákveðið að hefja málsmeðferðina, eða
- b) gengið úr skugga um að rekstri fyrirtækis eða starfsemi vinnuveitandans hafi endanlega verið hætt og eignirnar nægi ekki til að réttlæta að málsmeðferð verði hafin.

2. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á landslög aðildarríkjanna að því er varðar skilgreiningu á hugtökunum „launþegi“, „vinnuveitandi“, „laun“, „áunnin réttindi“ og „væntanleg réttindi“.

Þó er aðildarríkjunum ekki heimilt að undanþiggja eftirfarandi frá gildissviði þessarar tilskipunar:

- a) starfsmenn í hlutastarfi í skilningi tilskipunar 97/81/EB,
- b) starfsmenn með tímabundinn ráðningarsamning í skilningi tilskipunar 1999/70/EB,
- c) starfsmenn í afleysingarstarfi í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 91/383/EBE.

3. Aðildarríkjunum er ekki heimilt að setja skilyrði um lágmarksgildistíma ráðningarsamnings eða ráðningarsambands fyrir því að starfsmenn eigi rétt á bótakröfum samkvæmt þessari tilskipun.

4. Tilskipunin kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin láti vernd starfsmanna taka til gjaldþrota sem verða við aðrar aðstæður, t.d. þegar greiðslum hefur í reynd verið hætt til frambúðar, á grundvelli annarrar málsmeðferðar en um getur í 1. mgr., eins og kveðið er á um í landslögum.

Þó skal slík málsmeðferð ekki leiða til þess að lögð verði greiðsluskylda á sjóði annarra aðildarríkja í tilvikum sem um getur í III. þætti a.“

## 3. Í stað 3. og 4. gr. komi eftirfarandi:

## „3. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, sbr. þó 4. gr., að tryggingasjóðir ábyrgist greiðslur á óinnheimtum kröfum launþega sem byggðar eru á ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi, þ.m.t. biðlaun við riftun ráðningarsambands, þegar kveðið er á um slíkt í innlendum lögum.

Kröfurnar, sem tryggingasjóður tekur yfir, skulu vera óinnheimtar kröfur vegna vinnulauna í tengslum við tímabil fyrir og/eða, eftir því sem við á, eftir tiltekinn dag sem aðildarríkin ákvarða.

4. gr.

1. Aðildarríkin hafa rétt til að takmarka þá ábyrgð tryggingasjóða sem um getur í 3. gr.

2. Þegar aðildarríkin nýta sér þann rétt sem um getur í 1. mgr. skulu þau tilgreina fyrir hvaða tímabil tryggingasjóðum ber að greiða óinnheimtar kröfur. Þó skal þetta ekki vera styttra en tímabil sem nær yfir launagreiðslur síðustu þriggja mánaða ráðningar-sambandsins fyrir og/eða eftir daginn sem um getur í 3. gr.

Aðildarríkin geta ákveðið að þetta þriggja mánaða lágmarkstímabil skuli vera hluti af viðmiðunartímabili sem skal ekki vera styttra en sex mánuðir. Aðildarríkjum, sem ákveða lengra viðmiðunartímabil en 18 mánuði, er heimilt að takmarka tímabilið, sem tryggingasjóðirnir greiða óinnheimtar kröfur fyrir, við átta vikur. Í því tilviki skal nota tímabil sem eru launþegum hagstæðust þegar lágmarkstímabilið er reiknað út.

3. Enn fremur er aðildarríkjunum heimilt að ákvarða hámarksgræiðslur úr tryggingasjóðnum. Þetta hámark skal ekki vera lægra en sem samrýmist félagslegu markmiði þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin nýta sér þennan rétt skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða aðferðir eru notaðar til að ákveða hámarkið.“

4. Eftirfarandi þáttur bætist við:

„III. ÞÁTTUR a

Ákvæði varðandi fjölþjóðleg tilvik.

8. gr. a

1. Þegar fyrirtæki sem starfa á yfirráðasvæði a.m.k. tveggja aðildarríkja verður gjaldþrota, í skilningi 1. mgr. 2. gr., skal sú stofnun sem er bær til að greiða óinnheimtar kröfur til starfsmanna vera á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem starfsmennirnir starfa eða hafa að jafnaði starfað.

2. Um réttindi launþega fer að lögum um lögbæra tryggingasjóði.

3. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr., að tekið sé tillit til ákvarðana sem eru teknar í tengslum við gjaldþrotaskipti eins og um getur í 1. mgr. 2. gr., sem

krafast hefur verið í öðru aðildarríki, þegar gjaldþrot vinnuveitanda er ákvarðað í skilningi þessarar tilskipunar.

8. gr. b

1. Að því er varðar framkvæmd ákvæða 8. gr. a skulu aðildarríkin gera ráðstafanir til að lögbær stjórnvöld þess og/eða tryggingasjóðirnir, sem um getur í 3. gr., miðli viðkomandi upplýsingum sín á milli þannig að hægt sé að upplýsa tryggingasjóðinn, sem ábyrgur er, um óinnheimtar kröfur launþega.

2. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum upplýsingar um tengiliði lögbærra stjórnvalda þeirra og/eða tryggingasjóða. Framkvæmdastjórnin skal veita almenningi aðgang að þessum upplýsingum.“

5. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 9. gr.:

„Framkvæmd þessarar tilskipunar á þeim sviðum sem hún nær til má aldrei leiða til afturfara frá því sem nú tíðkast í aðildarríkjunum og í almennri vernd starfsmanna.“

6. Eftirfarandi liður bætist við í 10. gr.:

„c) til að hafna eða draga úr þeirri greiðsluábyrgð, sem um getur í 3. gr., eða þeirri greiðsluskyldu, sem um getur í 7. gr., þegar um er að ræða starfsmann sem átti einn, eða ásamt nákomnum ættingja, verulegan hlut í fyrirtæki eða rekstri vinnuveitandans og hafði umtalsverð áhrif á starfsemina.“

7. Eftirfarandi grein bætist við:

„10. gr. a

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um innlend gjaldþrotaskipti sem heyra undir gildissvið þessarar tilskipunar og um allar breytingar þar á. Framkvæmdastjórnin skal birta þær tilkynningar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.“

8. Viðaukinn falli brott.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli fyrir 8. október 2005 til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita ákvæðunum, sem um getur í fyrstu undirgrein, við hvers konar gjaldþrot vinnuveitanda, eftir að ákvæðin öðlast gildi.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um framkvæmd og beitingu þessarar tilskipunar í aðildarríkjunum fyrir 8. október 2010.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. september 2002.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. FISCHER BOEL

*forseti.*